



Sigríður Klara Árnadóttir Klörustöðum í Kjós

Ég kom alveg ný inn í sveitarstjórn Kjósarhrepps fyrir 4 árum og sæki hér með um umboð, til þín kæri kjósandi, fyrir næstu fjögur ár.

Síðasta kjörtímabili var óvenju annasamt hér í Kjósinni en um leið lærdómsríkt og mjög gefandi. Reynsla mín í rekstri hefur nýst mér vel og ekki síður hvað ég hef gaman af því að kynnast fólki. Að stýra jafn mikilvægu verkefni og lagningu hitaveitu í stórum hluta sveitarinnar hefur gefið mér ómetanlegt tækifæri til að kynnast íbúum og frístundahúsaeigendum, þvílíkur fjársjóður sem við eigum í fólkinu sem býr og dvelur hér í Kjósinni.

Hlutverk sveitarstjórnarmanna er margþætt og reynir þá mest á hæfileikann að ná jafnvægi milli mismunandi krafna og væntinga íbúa með heildarhagsmunum að leiðarljósi. Starf í sveitarstjórn byggir á samvinnu við hina ýmsu hópa í umhverfinu og gagnkvæmu trausti. Þar liggur minn styrkleiki.

Mínar megin áherslur eru að vera virkari í fréttáflutningi, tryggja góðan rekstur sveitarfélagsins og hitaveitunnar, klára lagningu ljósleiðara, efla félagslíf og auka samheldni í Kjósinni.

Um mig sjálfa

Reynsla

- Sveitarstjórn Kjósarhrepps 2014-2018
- Framkvæmdastjóri Kjósarveitna ehf frá 2015
- Framkvæmdastjóri Veitu & Viðburða í Kjósarhreppi 2014-2016
- Verkefna- og viðburðastjóri hjá Kjósarhreppi sumarið 2013, sá m.a. um sveitahátíðina Kátt í Kjós
- Vann viðskiptaáætlun vegna hitaveitu í Kjós fyrir Kjósarhrepp, 2013
- Samgöngu- og fjarskiptanefnd Kjósarhrepps 2010-2015
- Annar tveggja skoðunarmanna reikninga Kjósarhrepps 2010
- Stjórnandi hjá Símanum í 10 ár

Menntun

- Rekstrarfræðingur frá Endurmenntun Háskóla Íslands
- Viðburðastjóri frá Ferðamáladeild Háskólans á Hólum
- Matvælafræðingur, B.Sc. frá Verk-og raunvísindadeild Háskóla Íslands
- Löggiltur umhverfis- og heilbrigðisfulltrúi
- Lokið fjölda námskeiða í verkefnastjórnun og stjórnun fyrirtækja

Fjölskylda og félagsstörf

- Gift Óðni Elíssyni, hrl, frá Hlíðarási í Kjós
- Eigum 3 börn: Klöru 27 ára, Kjalar 25 ára og Þorgeir 21 árs
- Formaður Reynivallsóknar, auk þess kirkjuvörður og meðhjálpari í Reynivallakirkju
- Stolt kona í Kvenfélagi Kjósarhrepps
- Virkur félagi í KÍO, félagsskap kvenna í orkumálum

Með Kjósarkveðju,
Sigríður Klara Árnadóttir
sigridur@kjos.is
GSM: 841-0013